

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 416/2003.

1. gr.

II. viðauki reglugerðarinnar orðist svo:

#### II. VIÐAUKI

##### **Viðurkenning erlendra skírteina.**

Siglingastofnun Íslands skal viðurkenna erlend skírteini í samræmi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna, með síðari breytingum, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/103/EB frá 17. nóvember 2003. Taka skal mið m.a. af 18. gr. hennar og II. viðauka „Viðmiðanir sem um getur í a-lið 3. mgr. 18. gr. fyrir viðurkenningu þriðju landa, sem hafa gefið út skírteini, eða veitt öðrum umboð til að gefa út skírteini.“ Tilskipanirnar eru hluti samningsins um Evrópska efnahags-svæðið og eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 17. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/103/EB frá 17. nóvember 2003 um breytingu á tilskipun 2001/25 um lágmarksþjálfun sjómanna, sem vísað er til í 56j lið í XIII. viðauka EES-samningsins eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2004 frá 9. júlí 2004.

*Samgönguráðuneytinu, 18. apríl 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*